




MÁL OG LÆSI

SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í LEIKSKÓLUM

HVERNIG ER VERKEFNIÐ UNNIÐ?

Verkefnið er unnið í nánun samstarfi MMS og sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að allir leikskólar sveitarfélagsins taki þátt.


Fjórir lykilhópar verkefnis:

Allt starfsfólk leikskólanna myndar lærdómssamfélag innan hvers leikskóla. Starfsfólk er hvatt til virkrar þátttöku, að tileinka sér fræðsluna og kynna sér málörvunarefni og aðferðir sem nýtast í starfi.

Lykilfólk á hverjum leikskóla að lágmarki tveir á hverjum stað sem bera ábyrgð á framgangi verkefnisins í sínum leikskóla, skipulagi verkefnavinnu og skrifar handbók leikskólans.

Fulltrúi skólaþjónustu/fræðslusviðs sveitarfélagsins er mikilvægur tengiliður milli leikskólanna og MMS. Hann styður leikskólana og tryggir framgang verkefnisins í heimabyggð.

Starfsfólk MMS leiðir verkefnið og veitir sérfræðilega þjónustu, fræðslu og stuðning í gegnum innleiðingarárið.



VERKÞÆTTIR

Eftirfarandi þættir eru unnir á innleiðingarárinu og nýtast síðan starfsfólki áfram í markvissri vinnu með mál og læsi.


- **Málörvunarefni flokkað og gert aðgengilegt** öllu starfsfólki þannig að það nýtist sem best í daglegu starfi
- **Málörvunarstundir rammaðar inn** og skipulag þeirra gert skýrt og aðgengilegt öllu starfsfólki
- **Málörvun í daglegu starfi ígrunduð** og starfsfólk hvatt til að nýta meðvitað fjölbreyttar málörvunaraðferðir í samskiptum og leik með börnum
- **Samstarf við hagaðila tryggt** – leikskóli, foreldrar, sérfræðingar, heilsugæsla og grunnskóli vinna saman að þörfum barnanna
- **Handbók leikskólans útbúin** – afurð innleiðingarársins; ramar inn starfið og inniheldur verkferla, hlutverk starfsfólks og lýsingu á málörvunarstarfinu. Handbókin nýtist til að viðhalda góðum starfsháttum og til að kynna starfið fyrir nýju starfsfólki og foreldrum

Innleiðingarárinu er síðan fagnað með **uppskeruhátíð** að vori þar sem allt starfsfólk leikskólanna kemur saman ásamt fulltrúum MMS og sveitarfélagsins. Á hátíðinni kynnir lykilfólk hvers leikskóla valin atriði úr handbók sinni og handbækurnar liggja frammi svo allir geti skoðað. Hátíðin er tækifæri til að horfa til baka með stolti á þá vegferð sem farin hefur verið og fagna sameiginlega þeim árangri sem náðst hefur.

Að innleiðingarári loknu hvílir ábyrgðin á því að góðir starfshættir haldist á starfsfólki leikskólanna og sveitarfélagsins. Handbók hvers leikskóla er það verkfæri sem tryggir samfellu og hjálpar til við að halda starfinu lifandi, bæði þegar nýtt starfsfólk kemur til sögunnar og þegar verkefnið er kynnt fyrir foreldrum.

MÁL OG LÆSI: SNEMMTÆK Í HLUTUN Í LEIKSKÓLUM

ÞJÓNUSTA OG STUÐNINGUR



MMS veitir leikskólunum eftirfarandi þjónustu og stuðning á innleiðingarárinu:

- **Stöðumat í upphafi verkefnisins** – heildstætt mat á stöðu hvers leikskóla sem MMS dregur saman og afhendir leikskólanum sem samantekt. Samantektin gefur heildarmynd af stöðunni og hjálpar til við að ákveða hvaða vinnubrögðum og verklagi skuli haldið og hvað væri hægt að þróa áfram.

Stöðumatið felur í sér: vettvangsskoðun, SVÓT-greiningu, speglun málörvunarstunda með talmeinafræðingi, spurningakönnun fyrir allt starfsfólk og viðtöl við lykilfólk.

- **Tvo fræðsludaga** fyrir allt starfsfólk um málproska og læsi – annar á haustönn og hinn á vorönn
- **Mánaðarleg fjarfundir** með lykilfólki leikskólanna
- **Yfirlestur á handbók leikskólans**

MMS er jafnframt til reiðu með frekari stuðning við leikskólana í gegnum innleiðingarárið, ef þörf er á.

Verkefnið er í höndum þverfaglegs sérfræðiteymis hjá MMS:

- **Talmeinafræðings** með sérþekkingu á málproska, málörvun og íhlutun í kjölfar skimana og athugana
- **Læsisfræðings** með sérþekkingu á grunnþáttum læsis og læsisnámi
- **Leikskólaráðgjafa** með sérþekkingu á starfsháttum og þróunarstarfi í leikskólum auk þekkingar og reynslu í vinnu með börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Saman tryggja þessir aðilar að verkefnið sé bæði faglega traust og hagnýtt í leikskólastarfinu.

MÁL OG LÆSI: SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í LEIKSKÓLUM